



1. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2015 - 2016 haldinn fimmtudaginn 3.september 2015 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Steinþór Einarsson formaður, Áslaug Hulda Jónsdóttir varaformaður, Þorkell Máni Pétursson, Sigrún Gísladóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir. Fundinn sátu einnig Sigrún Edda Eðvarðsdóttir fulltrúi foreldra, Aðalbjörg Helgadóttir fulltrúi kennara, Páll Marís Pálsson fulltrúi nemenda og Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari.

Nýir fulltrúar foreldra, kennara og nemenda voru boðnir velkomnir til starfa.

1. Fjármál skólans

Rekstraryfirlit var sent fundarmönnum fyrir fund. Flestir liðir eru á pari miðað við rekstraráætlun. Skólameistari útskýrði einstaka liði og ræddi um stöðuna. Gjaldskrá skólans lá fyrir og var hún rædd. Engar athugasemdir bárust. Útgjöld vegna ferða nemenda til annarra landa hafa aukist. Í máli skólameistara kom fram að eftir er að tekjuskra styrki sem koma á móti.

2. Innritun á haustönn 2015

Í þeim gögnum sem send voru út til fundarmanna fyrir fund var yfirlit yfir innritun haustannar. Mikil aðsókn var að skólanum og þurfti að neita allmörgum um skólavist. Teknir voru inn fleiri nýnemar en áætlað hafði verið og er nemendahópurinn ungur. Nýsamþykktir kjarasamningar kennara breyta landslaginu nokkuð því hópastærðir eru beintengdar launum kennara.

3. Stytting náms til stúdentsprófs

Nemendur sem hefja framhaldsskólanám sitt á haustönn 2015 er fyrsti árgangurinn sem innritast í nýtt stytt nám. Gert er ráð fyrir að nemendur taki heldur fleiri einingar á hverri önn en áður.

4. Breytingar á starfsmannamálum

Litlar breytingar hafa orðið á starfsmannamálum og koma þær fram á yfirliti sem sent var með fundarboði.

5. Önnur mál

Fyrirspurn kom um fyrirhugaða tónlistarbraut. Í máli aðstoðarskólameistara kom fram að vorið 2013 fór fram mikil vinna í samvinnu við þrjá tónlistarskóla í að hanna nýja braut. Gert er ráð fyrir að allt sérhæft tónlistarnám fari fram í tónlistarskólunum byggt á aðalnámskrá tónlistarskólanna. Innsend braut fékk ekki brautargengi í ráðuneytinu þar sem sérhæfða námið var ekki skilgreint í viðmið um hæfni og leikni og fékkst því ekki samþykkt. Áframhaldandi vinna verður til að ljúka verkinu.

Í máli Þorkels Mána kom fram hugmynd um annars konar braut þar sem áherslan væri á upptökutækni, ljósahönnun og fleiri atriði sem nemendur sannarlega fá mikla þjálfun í við uppsetningu söngleiks og fleiri atburða. Almenn ánægja var með hugmyndina og Þorkell Máni hvattur til að vinna betur að hugmyndinni.

Nokkur umræða var um blogg færslu eins kennara skólans s.l. vor á samfélagsmiðlum. Ljóst er að kennarar eru í umdeildri stöðu ef og þegar þeir tjá sig um eldfim mál. Nokkrir fundarmenn lýstu óánægju sinni með skrifin.



Næsti fundur: Samkvæmt skipulagi verður næsti fundur 22.október.

Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari ritaði fundargerð.